

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um skipulagsbreytingar í Stjórnarráðinu.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hversu mörg svið hafa verið sett á stofn í einstökum ráðuneytum undanfarin fimm ár?
2. Í hve mörgum tilfellum hafa ný svið verið viðbót í innra skipulagi ráðuneytanna og í hve mörgum tilfellum hafa skrifstofur verið lagðar niður í staðinn?
3. Á grundvelli hvaða lagaheimilda hafa svið ráðuneytanna verið sett á stofn og sviðsstjórar skipaðir?
4. Eru sviðsstjórar að mati ráðherra embættismenn í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?
5. Hver er kostnaður ríkissjóðs vegna framangreindra skipulagsbreytinga undanfarin fimm ár?

Skriflegt svar óskast.